

## Rousseau í íslenskri uppeldissögu: Stiklur 1780–1940

### Inngangsorð

Eitt frumlegasta og áhrifaríkasta rit í samanlagðri uppeldissögu Vesturlanda er án efa *Émile ou de l'éducation* – Emil eða um uppeldið – eftir Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) sem birtist árið 1762.<sup>1</sup> Það hefst með þessum víðfleygu orðum:

Allt er gott frá hendi skaparans, allt spillist í höndum mannsins ... Hann [maðurinn] sættir sig ekki við neitt eins og það kemur frá náttúrunnar hendi, jafnvel ekki mannsbörnin; þau verður að temja að hans skapi eins og dráttarklár, snyrta þau að hans smekk eins og tréð í garðinum hans.<sup>2</sup>

Af frumhæfingu sinni um að barnið sé í eðli sínu gott en menningin spillandi leiðir Rousseau þá grundvallarreglu í uppeldi að barnið eigi að fá að vaxa eins og því sé eðlilegt, án tamningar af hálfu foreldra og annarra uppalenda. Hann segir svo í *Émile*:

Virðið bernskuna og hrasíð ekki að því að fella um hana dóma, góða eða slæma eftir atvikum. Lofið sérkennunum að segja til sín, ásannast og staðfestast langa hríð áður en farið er að fást við þau með sérstökum aðferðum. Lofið náttúrunni að vinna verk sitt vel og lengi áður en farið er að grípa fram fyrir hendurnar á henni ...<sup>3</sup>

Andspænis menningu samtímans, sem Rousseau áleit spillta, setti hann þannig traust sitt á náttúruna, hana áttu menn að virða fyrir sér og fylgja leiðinni sem hún markaði.<sup>4</sup> Náttúran var

---

<sup>1</sup> Um æviferil Rousseaus, sjá Már Jónsson, „Inngangur“, í: Jean Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn eða frumatriði stjórnmalaréttar*. Björn Þorsteinsson og Már Jónsson þýddu (Rv. 2004), bls. 9–41; Pétur Gunnarsson, „Jón Ólafsson og Jean-Jacques Rousseau. Tveir uppeldisfrömuðir á 18. öld“, *Vefnir. Vefrit Félags um átjándu aldar fræði* 3 (2003).

<sup>2</sup> Jean-Jacques Rousseau, *Émile ou de l'éducation* (Paris, Garniers Frères, 1961), bls. 3. („Tout est bien sortant des mains de l'Auteur des choses, tout dégenère entre les mains de l'homme. [...] il ne veut rien tel que l'a fait la nature, pas même l'homme; il le faut dresser pour lui, comme un cheval de manège; il le faut contourner à sa mode, comme un arbre de son jardin.“) Þýðing höfundar hér sem á öðrum tilvitnuðum stöðum í *Émile* hér á eftir.

<sup>3</sup> Rousseau, *Émile*, bls. 102. („Respectez l'enfance, et ne vous pressez point de la juger, soit en bien, soit en mal. Laissez les exceptions s'indiquer, se prouver, se confirmer longtemps avant d'adopter pour elles des méthodes particulières. Laissez longtemps agir la nature, avant de vous mêler d'agir à sa place, de peur de contrarier ses opérations.“)

<sup>4</sup> Sjá Rousseau, *Émile*, bls. 19–20.

að hans dómi hinn mikli lærimeistari: „Hún þjálfar börnin án afláts; hún herðir skapferli þeirra með alls kyns þolraunum; hún kennir þeim snemma hvað er angur og sársauki.“<sup>5</sup>

Rousseau hafði tvíbenta afstöðu til uppeldishlutverks fjölskyldunnar, ekki síst vegna þess að hann vantreysti henni til þess að halda barninu sem skyldi frá skaðlegum umhverfis-áhrifum. Móðurinni treysti hann helst til þess að halda barninu fram eftir aldri frá snertingu við heim fullorðinna svo að það gæti tekið út *eðlilegan* þroska. En til þess að koma boðskap sínum á framfæri í sem hreinastri mynd kaus Rousseau að setja sögupersónu sína og hugarfóstur, Emil, á svið sem munaðarleysingja.<sup>6</sup> Þessu óskabarni fylgir hann, hinn ímyndaði uppalandi (*gouverneur*),<sup>7</sup> eftir frá blautu barnsbeini, gegnum hin ýmsu þroskaskeið til fullorðinsára. Til þessa dugðu höfundur ekki færri en 444 blaðsíður, í fjórum bókarhlutum. Fimmti og síðasti hlutinn fjallar um Sophie, stúlkuna sem Emil er fyrirhuguð, því að „ekki er gott að maðurinn sé einn“.<sup>8</sup>

Fremsta skylda uppalandans/kennarans var að dómi Rousseaus að gæta þess að barnið næði að þroskast í samræmi við náttúrulegar hneigðir sínar og áhugaefni.<sup>9</sup> Þetta *neikvæða* uppeldi átti að vara fram til tólf ára aldurs sem taldist mesta háskatímabil í ævi mannsins. Barnið þurfti að verða fyrir ótölulegum skynhrifum frá umhverfinu – undir hófstilltri leiðsögn uppalandans – áður en það gæti farið að þroska með sér hugmyndir og beita skynsemi og skilningi.<sup>10</sup> Samkvæmt meginreglu hins neikvæða uppeldis skyldi hvorki kenna börnum dyggð eða sannleika framan af, aðeins vernda hjartað fyrir löstum og andann fyrir yfirsjónum. Rousseau var því mótfallinn að ungum börnum væru kenndar námsgreinar sem þau gætu ekki skilið, svo sem stærðfræði, tungumál eða sögu. „Ég hata bækur,“ kvað Rousseau. „Þær kenna manni aðeins að tala um það sem maður þekkir ekki.“<sup>11</sup> Barn sem les hugsar ekki, það les aðeins!<sup>12</sup>

Þessar uppeldisreglur Rousseaus endurspeglu þá bjargföstu trú hans að menn væru í eðli sínu góðir en menning samtímans, þar með talin borgar- og bókmeningin, væri siðspillt.<sup>13</sup> Menningargagnrýni sína hafði hann áður útmálað í „Orðræðu um vísindi og listir“ (*Discours*

<sup>5</sup> Sami staður („Elle exerce continuellement les enfants; elle endure leur tempérament par des épreuves de toute espèce; elle leur apprend de bonne heure ce que c'est que peine et douleur.“)

<sup>6</sup> Rousseau, *Émile*, bls. 23–28.

<sup>7</sup> Rousseau kys að nota þetta orð fremur en *précepteur* yfir einkakennara Emils sem gengur honum raunar í foreldris stað, sjá *Émile*, bls. 27–28, 37.

<sup>8</sup> Sama rit, bls. 445. („Il n'est pas bon que l'homme soit seul.“)

<sup>9</sup> Um tengsl uppeldishugmynda Rousseaus við uppeldiskennningar sem fram komu á fyrri helmingi aldarinnar, sjá Reidar. Myhre, *Pedagogisk idéhistorie fra oldtiden til 1850* (Ósló 1976), bls. 209–230.

<sup>10</sup> Rousseau, *Émile*, bls. 186.

<sup>11</sup> Sama rit, bls. 210. („Je hais les livres; ils n'apprennent qu'à parler de ce qu'on ne sait pas.“)

<sup>12</sup> Sama rit, bls. 186. Sjá enn fremur bls. 115–117 og 177.

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 37.

*sur les sciences et les arts* (1750)). Þessi ritgerð var eins og köld gusa framan í boðbera upplýsingarinnar (*les Lumières*) og því var ekki að undra þótt alfræðingarnir – *les encyclopédistes* eins og Diderot og d'Alambert – brygðust hart við. Geta má í þessu sambandi þess að þegar „Orðræða um uppruna og grundvöll ójafnréttis meðal manna“ (*Discours sur l'origine et le fondement de l'inégalité parmi les hommes*) eftir Rousseau birtist árið 1755 þakkaði Voltaire skáldbróður sínum háðslega fyrir hina nýju bók hans „gegn mannkyninu [...] Við að lesa rit yðar langar mann helst til að ganga á fjórum fótum.“<sup>14</sup>

Uppeldis- og menningargagnrýni Rousseaus ber að skoða m.a. í ljósi uppeldishátta samtímans, ekki síst hins tilgerða og formfasta háttænis aðalsins sem mótaðist aftur af ríkjandi tortryggni í garð barnseðlisins;<sup>15</sup> því fylgdi að hans dómi að börn voru frá blautu barnsbeini bundin á klafa reglna og forskrifta sem stjórnðu hverju fót máli þeirra. Gagnrýni Rousseaus beindist jafnframt að rótgrónum trúarhugmyndum um erfðasýndina<sup>16</sup> og hinum ígrónu spillingarhneigðum sem jafnt kaþólskir sem mótmælendur leiddu af þeim. Í þessu sambandi má nefna eitt dæmi um þá uppeldisstefnu sem spratt af slíkum hugmyndum. Jón Magnússon (1601–1675), prestur í Laufási nyrðra, orti kennikvæðið „Hústöflu“ sem geymir uppeldisspeki í bundnu máli. Segir þar að auk góðs fordæmis beri foreldrum að leggja þingsta áherslu á þriðja hluta húsagans, þ.e. „umvöndunarorðin snörp og vandarins hirting skörp“.<sup>17</sup> Þessum ráðum skyldi uppalandinn beita til að girða fyrir að barnslundin yrði þver.<sup>18</sup> Í anda slíkrar hugmyndafræði voru skólar og uppeldisstofnanir árnýaldar sannkallaðar tyftunarstofnanir þar sem spanskreyrnum var óspart beitt.<sup>19</sup> Þessi áhersla á hirtingu og tyftun birtist að sínu leyti í húsagatilskipuninni sem Íslandi var sett í anda píetismans árið 1746.<sup>20</sup> En hér var hirtingum sem uppeldisúrræði gefið jákvæðara og uppbyggilegra inntak en áður hafði tíðkast.<sup>21</sup>

Sem vonlegt er áttu mótstöðumenn Rousseaus eftir að núa honum um nasir hvernig hann fór sjálfur með uppeldishlutverk sitt, þ.e. með því að koma öllum börnum sínum fimm fyrir á munaðarleysingjahæli. Þessi gagnrýni kom við kaunin á Rousseau og varð ein helsta kveikjan

<sup>14</sup> Tilvitnun hjá Már Jónsson: „Inngangur“, bls. 20.

<sup>15</sup> Sjá Bernard Jolibert, *L'enfance au XVIIe siècle* (Paris 1981), bls. 75 o. áfr.

<sup>16</sup> Rousseau, *Émile*, bls. 309 o. áfr. – Fyrir þessa gagnrýni var útgáfa *Émile* bönnuð í Frakklandi einveldisins.

<sup>17</sup> Jón Magnússon, *OECONOMIA CHRISTIANA edur Huss-Tabla* (Kbh. 1734), bls. 69–70.

<sup>18</sup> Sjá enn fremur Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Rv. 1983), bls. 68–76.

<sup>19</sup> Sjá Mary Jo Maynes, *Schooling in Western Europe: a social history* (Albany, NY, 1985).

<sup>20</sup> „Tilskipan um hús-agann á Íslandi“, *Alþingisbækur Íslands* 13 (Reykjavík 1973), bls. 563–577.

<sup>21</sup> Sjá Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 77–78; Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*. Smárit Sögufélags (Rv. 2006), bls. 13–23.

að *Émile* og hinum frægu Játningum hans<sup>22</sup> – *Les Confessions* – sem birtust reyndar ekki fyrr en að höfundu látnum (1782–1789). Málsvörn Rousseaus fólst einkum í því að algengast væri meðal fólks af hans stigum að útvega brjóstamæður (*nourrices*) handa nýburum og hann gerði því ekki annað en að fylgja viðtekinni venju.<sup>23</sup>

Nú er vert að íhuga við hvað helst skuli miða þegar grafist er fyrir um bein eða óbein áhrif Rousseaus á íslenska uppeldisfrömuði sem á eftir honum komu. Eftirtalin atriði koma hér helst til álitu:

- ✓ Að börn og menn yfirleitt séu góð frá náttúrunnar hendi.
- ✓ Að virða beri séreðli barnsins og bernskunnar.
- ✓ Að ekki beri að kenna barninu annað en það sem skilningsgáfa þess á hverjum tíma leyfir.
- ✓ Að fullorðnir eigi að hlutast sem minnst í uppvaxtar- og þroskaferlið.

Hér á eftir verður rakið í stuttu máli að hvaða marki fjallað er um uppeldisspekinginn Rousseau í ritum á íslensku,<sup>24</sup> einkum ritum íslenskra uppeldisfrömuða og rithöfunda frá lokum 18. aldar og fram undir 1940, og að hvaða marki greina má áhrif af boðskap hans. Hafa ber hugfast að þegar höfundar vísa ekki skýlaust til Rousseaus getur reynst býsna erfitt að kveða á um eðli áhrifanna – hvort þau hafi verið bein eða óbein. Þegar um er að ræða mjög óbein hugmyndatengsl verður stundum notast við orðalagið „andi Rousseaus“.

## Rousseau og íslenskir upplýsingarmenn

Pétur Gunnarsson hefur gert nokkurn samanburð á samtímamönnum Jóni Ólafssyni úr Grunnavík (1705–1779) og Rousseau, hvað uppeldisspeki þeirra í *Émile* og í *Hagþenki* Jóns áhrærir. Þeir eigi sitthvað sameiginlegt, svo sem áherslu á að taka verði mið af þroska barnsins hverju sinni og námsefnið þurfi að skírskota til veruleika sem börnin þekkja. En ekki verði séð að Íslendingurinn hafi þegið þetta beint frá höfundu *Émile*.<sup>25</sup> En hvað er þá að segja um rit sr. Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, *Atla* og *Arnbjörgu*, sem fjalla hvort á sinn hátt um uppeldi drengja og stúlkna og munu vera samin laust fyrir 1780? Þótt þessi rit hafi verið gefin út hvort í sínu lagi – *Atli* árið 1780 en *Arnbjörg* ekki fyrr en árið 1843 – minna þau að formi til nokkuð á *Émile* þar sem fimmti bókarhlutinn er, eins og áður segir, helgaður uppeldi

<sup>22</sup> Sjá Pétur Gunnarsson, „Jón Ólafsson og Jean-Jacques Rousseau“, bls. 5; Már Jónsson, „Inngangur“, bls. 13–16.

<sup>23</sup> Jean-Jacques Rousseau, *Confessions*. 2. b. (Librairie Générale Française. Livre de poche), 1963), bls. 33–36. Fram kemur að eiginkona Rousseau, þvottakonan Thérèse Levasseur, var mjög mótfallin þessari ráðstöfun en „hún hlýddi með kveinstöfum.“ („elle obéit en gémissant.“ (Sama rit, bls. 36.))

<sup>24</sup> Fróðlegt yfirlit um efnið birti Már Jónsson, „Inngangur“, í: Jean Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn eða frumatriði stjórnáttmálaréttar*. Björn Þorsteinsson og Már Jónsson þýddu (Rv. 2004), bls. 37–41.

<sup>25</sup> Pétur Gunnarsson, „Jón Ólafsson og Jean-Jacques Rousseau“, bls. 4.

stúlkunnar Sophie. En þótt svipur sé að formi til með ritunum verður ekki fullyrt að Sauðlauksdalsprestur hafi þekkt *Émile* Rousseaus af eigin raun. Ekki er vitað til þess að hinn fyrrnefndi hafi verið læs á frönsku; aftur á móti er ekki útilokað að hann hafi kynnst ritinu í þýskri þýðingu sem birst hafði þegar árið 1762.<sup>26</sup> Ljóst er að mörgu í uppeldisfræði sr. Björns svipar til boðskapar Rousseaus. Þar á meðal má telja áróður Björns fyrir því að móðirin gefi börnum sínum brjóst;<sup>27</sup> hún leyfi börnunum að leika sér;<sup>28</sup> börnum skuli ekki kennt það sem þau skilji ekki undir eins;<sup>29</sup> og lærdómi skuli ekki troðið upp á þau með hótun og höggum.<sup>30</sup> Hvað varðar uppeldi stúlkna sérstaklega er Sauðlauksdalsprestur samdóma Rousseau um að það eigi að endurspegla samfélagslega stöðu og hlutverk kvenna; eiginkonan eigi að sýna bónda sínum blíðu í umgengni, undirgefni og hlýðni og henni beri að leggja rækt við þessa eiginleika í uppeldi dætra sinna.<sup>31</sup> Sr. Björn var ekki fremur en Rousseau í vafa um að stúlkubörn væru eðlisólík drengjum.<sup>32</sup>

Ekki verður fullyrt að Björn í Sauðlauksdal hafi þegið beint frá Rousseau það sem hann á sammerkt með honum.<sup>33</sup> Hitt er víst að tengsl eru milli Rousseaus og rits sem gefið var út á íslensku eftir þýska höfundinn Joachim H. Campe (1746–1818), *Stuttur siðalærdómur fyrir góðra manna börn*.<sup>34</sup> Það var þýtt úr dönsku að undirlagi Magnúsar Stephensen dómstjóra og gefið út í Leirárgörðum 1799, tuttugu árum eftir að frumútgáfan kom út á þýsku. Campe átti samskipti við Rousseau og var einlægur aðdáandi hans; hann varð vinsælasti barnabóka-höfundur á Þýskalandi á 18. öld. Að ráði Rousseaus endursagði Campe m.a. Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe, við hæfi barna.<sup>35</sup> Til er í handriti íslensk þýðing á endursögn Campes eftir sr. Guðmund Jónsson (f. 1763) á Staðastað. Í *Stuttum siðalærdómi* eru m.a. útlistaðar, í

<sup>26</sup> Árið 1781 lauk sr. Björn við samningu *Grasnytja* sem gefnar voru út á bók tveimur árum síðar, sjá *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar (Rv. 1984), bls. 213–388. Allvíða í þessu riti er vísað til þýskra höfunda. Taka ber fram að dönsk þýðing á *Émile* var ekki gefin út fyrr en á síðasta áratug 18. aldar.

<sup>27</sup> Björn Halldórsson, „Atli eður Rádagjörðir yngismanns um búnað sinn“, *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, bls. 171–174; Björn Halldórsson, „Arnbjörg“, *Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal*, bls. 436, sbr. Rousseau, *Émile*, bls. 16–17.

<sup>28</sup> Björn Halldórsson, „Arnbjörg“, bls. 445; sbr. Rousseau, *Émile*, bls. 177–180.

<sup>29</sup> Sama rit, bls. 444.

<sup>30</sup> Sama rit, bls. 440.

<sup>31</sup> Sama rit, bls. 436–437.

<sup>32</sup> Rousseau, *Émile*, bls. 445 o. áfr. – Sjá um Rousseau Jane R. Martin, „Sophie and Emile: A Case Study of Sex Bias in the History of Educational Thought“, *Harvard Educational Review* 51 (1981), bls. 357–372.

<sup>33</sup> Upplýstar uppeldis hugmyndir, m.a. með áherslu á brjósteldi, urðu talsvert útbreiddar upp úr miðri 18. öld, sjá m.a. Jóhanna Þráinsdóttir, „Nær menn þvinga eitt barn“. Þýðing Jóns Þorlákssonar á uppeldisriti eftir J.B. Basedow“. *Ritmennt* 9 (2004), bls. 42–58.

<sup>34</sup> Ritið var endurútféð í Viðey 1834. Þriðja útgáfan, í umsjón Arnar Hrafnkelssonar og Þorfinns Skúlasonar, birtist í Hafnarfirði 2000. Til þessarar síðarnefndu útgáfu verður vísað hér á eftir.

<sup>35</sup> Sjá Loftur Guttormsson, *Uppeldi á upplýsingaröld. Um hugmyndir lærdómsmanna og háttarni alþýðu*, Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar IX (Rv. 1987), bls. 13–14. Robinson Krúsó var eina bókin sem Rousseau ætlaði lærisveini sínum að lesa á barnsaldri; hann kallaði hana „mjög vel heppnað rit um náttúrulegt uppeldi“ („le plus heureux traité d'éducation naturelle“). Rousseau, *Émile*, bls. 220–221.)

samræðu föður og barna, skyldur mannsins við sjálfan sig, náungann og samfélagið og á eftir fylgir uppbyggileg ræða í anda Rousseaus um samviskuna og trúarbrögðin.<sup>36</sup> En þrátt fyrir nokkuð svipað form er andinn í riti Campes mjög frábrugðinn *Émile*. Í *Stuttum siðalærdómi* talar faðirinn niður til barnanna og segir þeim fyrir í öllum greinum. Sú meginregla Rousseaus að barnið skuli læra af reynslunni birtist hér aðeins í formi mynduglegra reynslusagna föðursins! Boðskapurinn, með áherslu á hlýðni, sparsemi og iðni, hnígur allur að því að styðja beri við einveldið, ríkisvaldið og húsbóndavaldið.<sup>37</sup>

Hvað má ætla um kynni Magnúsar Stephensen sjálfs af ritum Rousseaus, einkum *Émile*? Víst er að ritsins getur ekki í *Ræðum Hjálmars á Bjargi* (1820) sem er enn afdráttarlausara en rit Campes í stuðningi við yfirvöldin, þ. á m. húsbóndann á heimilinu.<sup>38</sup> Ekki verður því fullyrt að dómstjórinn hafi kynnst *Émile* af eigin raun en þó má telja það líklegt. Hann getur ritsins í *Minnisverðum tíðindum* með þeim ummælum að bókin „leiði fyrir sjónir gott barna uppeldi og var lengi álitin meistaraverk.“<sup>39</sup> Á sama stað segir Magnús um *Samfélags-sáttmálann* – þá var frönsku byltingunni lokið – að höfundur hafi „skelft alla týranna og vakið þjóðirnar af laungum þrældóms-svefni.“

Fyrstur íslenskra höfunda til að nafngreina *Émile* í skrifum sínum var Jón Espólín, sýslumaður og annálaritari. Í handriti sem nefnist „Ágrip af kirkjusögu“ (um 1810–20), segir að Rousseau sé „hinn einbeittasti talsmaður naturalista, skarpvitur en sérlyndur og þar með ímyndunarmikill og harla viðkvæmur“<sup>40</sup> Að sögn Espólíns gerði Rousseau sér ekki grein fyrir að „spilling mannsins veldur allri óhamingju hans ...“; <sup>41</sup> Espólín telur annars tvær bækur Rousseaus fremstar, „báðar fagurlega skráðar“, önnur þeirra „róman einn um uppeldi, heitin Emil, og átti þó að leiða í raun til lagaleysis og náttúrustands ...“<sup>42</sup> Espólín bætir við að margur hafi síðan fylgt Rousseau að máli en enginn hafi komið því „svo fagurlega fyrir og

---

<sup>36</sup> Sjá H.J. Campe, *Stuttur siðalærdómur fyrir góðra manna börn* (Hafnarfirði 2000), bls. 75–89. Sbr. Rousseau, *Émile*, bls. 311 o. áfr.

<sup>37</sup> Campe, *Stuttur siðalærdómur*, einkum bls. 27–38; sjá enn femur. Jóhanna Þráinsdóttir, „Nær menn þvinga eitt barn“ ...“, bls. 56–57.

<sup>38</sup> Magnús Stephensen, *Ræður Hjálmars á Bjargi*. Örn Hrafnkelsson bjó til prentunar. Heimildasafn Sagnfræðistofnunar (Rv. 1999).

<sup>39</sup> Magnús Stephensen, „Minnisverd tíðindi frá Ný-ári 1795“, *Minnsiverd Tíðindi* 1. b. (Leirárgörðum 1796–1798), bls. 66, nmgr. 19. Benda má á að á námsárum sínum í Skálholti nam Magnús frönsku, sjá hans „Autobiographia (brot)“, *Tímarit hins íslenska bókmentafélags* 9 (1888), bls. 204 og 212.

<sup>40</sup> Jón Espólín, „Frá Montesquieue, Rousseau og Voltaire“, *Upplýsing og saga. Sýnisbók sagnaritunar Íslendinga á upplýsingaröld*. Ingi Sigurðsson bjó til prentunar (Rv. 1982), bls. 169.

<sup>41</sup> Sami staður.

<sup>42</sup> Sami staður. Efast má um að Rousseau hefði fallist á þessa útleggingu sýslumanns! Hitt ritið sem Espólín vísar til er *Samfélagsáttmálinn*.

með jafnmikilli viðkvæmni“.<sup>43</sup> Álit Espólíns á hinum róttæka Rousseau verður að teljast furðu jákvætt þegar tekið er tillit til þess að sýslumaður var um margt íhaldssamur.

Með Baldvini Einarssyni verða áhrif Rousseaus á íslenska uppeldisfrömuði fyrst áberandi. Í riti sínu um Baldvin sýndi Nanna Ólafsdóttir ljóslega fram á að bæði orðalag og efnisþættir í *Émile* eiga sér beina samsvörun í *Ármani á Alþingi*, 1. árg 1829.<sup>44</sup> Til dæmis um þetta má nefna að Baldvin vill ekki að börn séu hýdd nema sem síðasta úrræði eða að þau séu hindruð í að leika sér. Þá kennir hann að leiða skuli börnum hitt og þetta fyrir sjónir í stað þess að beita boðum og bönnum.<sup>45</sup> Þessi sjónarmið stönguðust berlega á við hefðbundinn íslenskan húsaga. Enn fremur má benda á skyldleikann sem er með „Prédikun“ Baldvins og „Játningu aðstoðarprestisins í Savoy“ í 4. bókarhluta *Émiles*.<sup>46</sup> Hjá báðum birtist sóknarpresturinn sem hjálparhella í leitinni að guðsríki og fyrir báðum vakir að skýra fyrir lesendum að „trúin sé grundvöllur góðrar breytni og samviskan öruggasti leiðarvísirinn,“ eins og Nanna Ólafsdóttir orðaði það.<sup>47</sup>

Hugmyndaheimur Baldvins var blendingur af upplýsingu og rómantík og því ekki nema vonlegt að boðskapur Rousseaus ætti greiðan aðgang að honum. Öðru máli gegndi í þessu samhengi um Tómas Sæmundsson sem stóð þó, líkt og Baldvin, á mótum upplýsingar og rómantíkur. Maður leitar forgefins að vísun til Rousseaus í *Ferðabók Tómasar*<sup>48</sup> og ritgerðum hans í *Fjölni*. Vera má að Tómas hafi verið of praktískt þenkjandi til þess að jafn tilfinninganæmur, upphafinn höfundur og Rousseau skírskotaði til hans.

### Skólamenn undir áhrifum Rousseaus 1900–1940

Frá upplýsingu og fram undir lok 19. aldar – tímabil sem markaðist m.a. af raunsæisstefnu – var heldur hljótt um Rousseau meðal uppeldisfræðilega þenkjandi manna. En þetta breyttist með öldinni sem fór í hönd. Sumir þóttust sjá fyrir að hún yrði „öld barnsins“.<sup>49</sup> Það er nokkuð táknrænt að lýðskólamaðurinn Sigurður Þórólfsson, stofnandi Hvítárbakkaskóla, flutti snemma árs 1903 lýðháskóla fyrirlestur sem nefndist einfaldlega „Jean Jac. Rousseau“.<sup>50</sup> Í

<sup>43</sup> Jón Espólín, „Frá Montesquieu, Rousseau og Voltaire“, bls. 169.

<sup>44</sup> Nanna Ólafsdóttir, *Baldvin Einarsson og þjóðmálastarf hans* (Rv. 1961), bls. 55–67. Svo vitað sé vísar Baldvin ekki nema á einum stað til Rousseaus, sjá bréf hans til Bjarna Thorsteinssonar amtmanns 4. maí 1829. *Andvari* 39 (1914), bls. 84.

<sup>45</sup> Ólafur Rastrick, „Inngangur“, í: Baldvin Einarsson, *Uppeldið varðar mestu. Úr Ármani Á Alþingi*. Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 2 (Rv. 1995), bls. 20–21.

<sup>46</sup> Sjá Baldvin Einarsson, *Uppeldið varðar mestu*, bls. 56–65; sbr. Rousseau: *Émile*, bls. 245 o.áfr.

<sup>47</sup> Nanna Ólafsdóttir, *Baldvin Einarsson*, bls. 58.

<sup>48</sup> *Ferðabók Tómasar Sæmundssonar*. Jakob Benediktsson bjó til prentunar (Rv. 1947).

<sup>49</sup> Sjá Ellen Key, *Barnets århundrade* (Stokkhólmi 1900).

<sup>50</sup> Sigurður Þórólfsson, *Jean Jac. Rousseau. Lýðháskóla fyrirlestur 30/3 '03* (Rv. 1903).

fyrri hluta hans rakti Sigurður rithöfundarferil sögupersónu sinnar og dró vel fram andstæðurnar í hugmyndaheimi hans:

Hann [Rousseau] var sambland af sundurleitum öflum sem höfðu ekki fengið neinn samræmilegan þroska ... Hann trúir á guð án þess að hafa traust á honum. Hann elskar dygðina án þess að hafa traust á henni. Hann er gagntekinn af sannleikanum en fórnar til lyginnar ... Hann vill gera mannkynið hamingjusamt en hefir þó enga trú á framtíð þess ...<sup>51</sup>

Öðrum þræði er Sigurður hrifinn af uppeldisspeki Rousseaus; en honum verður tíðrætt um það sem hann kallar „stóra mótsögn“ í kenningum Rousseaus; hann haldi því fram „að mennirnir eigi að varpa frá sér allri menningu og láta upp á eigin spýtur meðfædda hæfilegleika þroskast, þ.e. að hæfileikleikarnir þroskist eftir því sem náttúran, atvikin og kringumstæðurnar vilja ...“<sup>52</sup> Sigurður álitur það hina mestu fjarstæðu hjá Rousseau að „láta meðfædda hæfilegleika sálarinnar og tilfinningar þroskast af sjálfu sér ... það stríði á mótí öllum uppeldisfræðilegum reglum nútímans“.<sup>53</sup> Með uppeldinu megi breyta mannseðlinu og sálinni mikið. Niðurstaða Sigurðar er að Rousseau hafi í eðli sínu verið „góður maður, viðkvæmur og tilfinningaríkur en vantað[i] allt sálarjafnvægi“.<sup>54</sup>

Drjúgu ári áður en Sigurður flutti fyrirlestur um uppeldisspeki Rousseaus var Guðmundur Finnbogason sálfræðingur að kynna sér á vegum Alþingis skólastarfsemi á Norðurlöndum. Könnunarförin var liður í undirbúningi að væntanlegri lagasetningu um barnafræðslu á Íslandi.<sup>55</sup> Meðal þeirra skóla í Danmörku, sem Guðmundur heimsótti, var tilraunaskóli rekinn af heimspekingnum Carl Starcke; þetta var svokallaður „friskole“ þar sem nemendur áttu að njóta frjálsræðis til að þroska hæfileika sína. Megináhersla var lögð á að virkja athafnaþrá barnsins. Einkunnarorðið var: „Lær Barnet at leve selv“ – kennið barninu að lifa sjálfu. Þessi stefna, sem var mjög í anda Rousseaus, beindist gegn ríkjandi hefðum í dönsku skólastarfi. Guðmundur hreifst mjög af því námsstarfi sem hann varð vitni að í þessum skóla.<sup>56</sup> Benda má á að í umfjöllun hans um menntunarhugtakið í *Lýðmenntun*, sem kalla má stefnuskrá íslenska almenningsskólans, skipar tilfinningalífið veglegan sess; hér segir m.a. að „þróun tilfinningalífsins helst í hendur við þroskun andlegs víðsýnis og skarpskyggnis ...“<sup>57</sup> Og að hætti margra uppeldisfræðinga kenndi Guðmundur að forsenda árangursríks náms væri að

<sup>51</sup> Sama rit, bls. 7–8.

<sup>52</sup> Sama rit, bls. 8–9.

<sup>53</sup> Sama rit, bls. 10.

<sup>54</sup> Sama rit, bls. 14–15.

<sup>55</sup> Ólafur H. Jóhannsson, Inngangur, í: Guðmundur Finnbogason, *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu 1 (Rv. 1994; frumútg. 1903), bls. 9.

<sup>56</sup> Jörgen Pind, *Frá sál til sálar. Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings* (Rv. 2006), bls. 183–184.

<sup>57</sup> Guðmundur Finnbogason, *Lýðmenntun*, bls. 49.



tengja fræðsluna við persónulega reynslu nemandans.<sup>58</sup> Þannig má finna vísbendingar, þótt óbeinar séu, um skyldleika milli uppeldisspeki Rousseaus og Guðmundar Finnbogasonar.

Það var þó ekki uppeldisfræðingur heldur reykvískur skrifstofumaður sem fann hjá sér hvöt til að minnst Rousseaus nokkru eftir að haldið hafði verið til 200 ára afmælis hans. Árið 1915 birti Benedikt Þ. Gröndal (1870–1938), skrifari bæjarfógeta í Reykjavík, kvæði í *Skírni* sem kallaðist einfaldlega Rousseau.<sup>59</sup> Síðasta erindi þess hljóðar svo:

Hann kenndi: „Ó, lærðu að lifa á jörð  
því lífi, sem náttúran kennir!  
Ef eltirðu tískunnar hégóma-hjörð,  
á heimskunni líf þitt þú brennir“.

Benedikt Þ. Gröndal var dóttursonur Sveinbjarnar Egilssonar rektors. Samnafni hans, skáldið Benedikt Gröndal, var því móðurbróður hans.

Rousseau hafði nú eignast lofsöng í bundnu máli á íslensku og skammt var þess að bíða að um hann birtist ævisaga, frumsamin á sama máli. Hún kom út á Akureyri árið 1925. Þar í bæ var starfandi skólamaður, mikill áhugamaður um alþýðufræðslu og alþýðlega bókaútgáfu, Þorsteinn M. Jónsson. Árið 1924 hafði hann fengið Einar Olgeirsson, þá nýlega ráðinn kennara að lærdómsdeild gagnfræðaskólans, til að semja ævisögu Rousseaus. Kom ritið út sem fyrsta bindi í ritröðinni „Lýðmentun. Safn alþýðlegra fræðirita“, í flokknum „Brautryðjendasögur“. Hér fjallar höfundur á innlifaðan hátt um lífs- og rithöfundarferil Rousseaus. Sem vænta mátti var Einar öllu uppteknari af jafnréttisboðskap sögupersónu sinnar en uppeldisspeki hans en þetta tvennt er vissulega samslungið í eðli sínu. Einar fjallar þannig á mjög gagnrýninn hátt um viðhorf Rousseaus til hlutverks og uppeldis kvenna. Konuna vilji hann:

inniloka innan húsveggjanna og rígbinda við heimilið, ala hana upp til þess að vera manningum undirgefín og hafa í öllu sömu skoðanir og hann [...] Hún á að sæta sömu kúguninni og hún hefir beygt sig undir, meðan menningin hefir ríkt;<sup>60</sup>

En Einar hrífst af hinum almenna uppeldisboðskap Rousseaus í *Émile*:

Hann dregur upp hrífandi myndir af frjálsum og glöðum börnum sem njóta megi bernskunnar, laus við þvingun tískunnar, og þroskast eins og þau eiga eðli til ... Hann hefir manna best unnið að því að gefa þeim aftur bernskuna sem fullorðna fólkið svifti þau.<sup>61</sup>

<sup>58</sup> Sama rit, bls. 65.

<sup>59</sup> Benedikt Þ. Gröndal, „Rousseau“, *Skírni* 89, bls. 304–305.

<sup>60</sup> Einar Olgeirsson, *Rousseau*, bls. 149–150; sbr. Rousseau, *Émile*, bls. 445–447.

Það er einkum þrennt sem Einar finnur uppeldisboðskap Rousseaus til foráttu. Í fyrsta lagi vilji hann helst láta barnið alast upp án samlifis við aðra en kennarann, utan fjölskyldunnar og hvers slíks félagsskapar er gæti haft spillandi eða þvingandi áhrif á það. Í öðru lagi vilji hann einskorða uppeldið við börn yfirstéttanna. Hann álíti beinlínis að „fátæklingarnir þarfnist einskis uppeldis; þeir alist upp til vinnu sinnar og annað uppeldi geti þeir ekki fengið (1. bók *Emile*)“.<sup>62</sup> Í þriðja lagi taki hann ekki tillit til skynsemisþroska kvenna, neiti sjálfstæði þeirra og álíti „hlýðnina aðaldygð konunnar“.<sup>63</sup>

Það er táknrænt – og fjarri því tilviljun – að þeir Íslendingar, sem sýndu Rousseau mestan áhuga á fyrsta þriðjungi 20. aldar, voru skólamenn vinstra megin við miðju stjórnmalanna. Þótt erfiðleikum sé bundið að kveða fast að orði um tengsl uppeldishugmynda Rousseaus og ákveðinna uppeldis- og skólastefna á 20. öld bendir margt til þess að lýðskólahreyfingin íslenska – sem Sigurður Þórólfsson var einn fremsti talsmaður fyrir – hafi verið undir nokkrum áhrifum frá þeim.<sup>64</sup> Og þetta gildir tvímælalaust um nýskólastefnuna hér á landi á öðrum fjórðungi 20. aldar. Báðum var sameiginleg viðleitni til að losa nemandann úr viðjum ytri valdboða og taumhalds og virkja eðlislæga námshvöt þeirra og forvitni með því að opna skólastarfið fyrir nánasta umhverfi og praktískum verkefnum daglegs lífs.

Það á vel við að ljúka þessum stiklum um sögulega samfundi Rousseaus og íslenskra uppeldisfræðinga og kennara með nokkrum orðum um fánabera nýskólastefnunnar á Íslandi á fjórða áratugnum, Sigurð Thorlacius, skólastjóra Austurbæjarskólans. Árin 1928–1930 nam Sigurður við uppeldisvísindastofnun í Genf sem var kennd við Rousseau og stofnað hafði verið til á 200 ára afmæli hins síðarnefnda. Í kynningu á þessari merku stofnun, sem svissneski sálfræðingurinn Jean Piaget starfaði við meðal annarra, – um tíma veitti hann forstöðu alþjóðaskrifstofu sem starfrækt var í tengslum við hana<sup>65</sup> – komst Sigurður svo að orði:

Rousseau var um margt brautryðjandi nútíma uppeldisfræði. Með spámannlegri andagift og skarpskyggni sá hann margt fyrir sem síðan hefir verið sannað með vísindalegum tilraunum ...

---

<sup>61</sup> Einar Olgeirsson, *Rousseau*, bls. 152.

<sup>62</sup> Sama rit, bls. 154–155; sbr. Rousseau, *Émile*, bls. 27.

<sup>63</sup> Einar Olgeirsson: *Rousseau*, bls. 154; sbr. Rousseau: *Émile*, bls. 445–447.

<sup>64</sup> Sjá Jón Torfi Jónasson, „Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar“, *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*. Ritstj. Helgi Skúli Kjartansson o.fl. (Reykjavík 1999), bls. 107–134. Ætla má að trú lýðháskólamanna á uppeldisgildi „hins lifandi orðs“ sé af svipaðri rót runnin og vantrú Rousseaus á bóklegum lærdómi.

<sup>65</sup> Sigurður Thorlacius, „Alþjóðaskrifstofa uppeldismála“, *Menntamál* 10 (1937), bls. 223.

Rousseau hafði fyrir löngu lagt höfuðáherslu á að skólinn væri til vegna barnanna og þess vegna ætti að miða alla starfsemi hans við þarfir þeirra.<sup>66</sup>

Sá skóli, sem nýskólamenn beittu sér fyrir, *l'école active* eða starfsskólinn, átti að þjóna, með orðum Sigurðar Thorlacius, „lífrænu skapandi starfi í mótsetningu við hið vélræna, einhliða minnisnám sem svo mjög hefur tíðkast í fjölmörgum skólum”.<sup>67</sup> Skólaskipulagið átti að miða aðallega við áhuga barnanna og kappkosta skyldi að virkja leik- og sköpunargleði þeirra.<sup>68</sup> Liður í þessu var uppeldi til sjálfstjórnar og lýðræðis.<sup>69</sup> Þannig leynir sér ekki náinn skyldleiki nýskólastefnunnar við uppeldisboðskap Rousseaus.

## Niðurlag

Hér verður látið staðar numið við að rekja sögulega þræði milli Rousseaus og íslenskra uppeldisfræðinga og skólamanna. Fram undir aldamótin 1900 voru þessir þræðir þunnir, þó með þeirri mikilvægu undantekningu sem Baldvin Einarsson er. Fyrst eftir aldamótin fer Íslendingum að gefast tækifæri til að kynnast sögupersónu okkar að marki í rituðu máli á íslensku. Það er sérstaklega með nýskólastefnunni og Sigurði Thorlacius sem andi Rousseaus verður aflgjafi í íslenskum skólamálum. Ástæða er til að ætla að áhrif frá honum hafi haldið áfram að berast eftir ýmsum leiðum, ekki síst gegnum uppeldisheimspeki Johns Dewey.<sup>70</sup> Tengsl Deweys við Rousseau birtast ekki hvað síst í reynsluhugtaki hins fyrirnefnda.<sup>71</sup> Þetta hugtak hafði bersýnilega verulega þýðingu fyrir hugmyndalega mótun íslenska grunnskólans og sérstaklega kennslugreinarinnar samfélagsfræði kringum 1970.<sup>72</sup> Hér skyldi eðlislæg forvitni barna og sjálfstæð þekkingarleit í hávegum höfð.

*Greinin er að stofni til byggð á fyrirlestri sem höfundur flutti á málþingi Félags um átjándu aldar fræði, Rousseau – þrjú hundruð ára minning, 11. febrúar 2012.*

Loftur Guttormsson, f. 1938. Doktorspróf í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Prófessor emeritus við sama skóla.

<sup>66</sup> Sigurður Thorlacius, „Institut J.J. Rousseau í Genf“, *Menntamál* 10 (1937), bls. 49–57.

<sup>67</sup> Sama rit, bls. 56.

<sup>68</sup> Sjá Sigurður Thorlacius, „Nýi og gamli skólinn“, *Menntamál* 7 (1933), bls. 33–50.

<sup>69</sup> Sjá í þessu sambandi Sigurður Thorlacius, „Uppeldi og lýðræði“, *Menntamál* 8 (1935), bls. 3–15, og „Sjálfstjórn skólabarna“, *Menntamál* 9 (1936), bls. 50–55 og 141–147.

<sup>70</sup> Sjá Ólafur Páll Jónsson, „Hugsun, reynsla og lýðræði“, í: *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Ritsstj. Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (Reykjavík 2010), bls. 13–41.

<sup>71</sup> Sbr. Jóhanna Einarsdóttir, „Reynsla og nám barna“, *John Dewey í hugsun og verki*, bls. 57–72.

<sup>72</sup> Sjá Wolfgang Edelstein, *Skóli – nám – samfélag*. Ritroð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar X (Reykjavík 1988).